

**Sp.**

**53. Tillaga til þingsályktunar**

[50. mál]

um ráðstafanir til öryggis handritum, skjölum og forngripum.

Flm.: Gils Guðmundsson, Bergur Sigurbjörnsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar undirbúning að sem öruggastri geymslu fyrir handritasafn og merkustu skjöl og forngrip í þjóðarinnar, og sé þannig um búð, að söfnin verði jafnan tiltæk til notkunar. Heimilast ríkisstjórninni nauðsynlegt fé úr ríkissjóði til þessara ráðstafana.

**Greinargerð.**

Þáttill. sama efnis var flutt af Vilmundi Jónssyni á Alþingi 1941 (þskj. 26) og samþykkt í Sp. 9. maí um vorið. En framkvæmdir urðu litlar. Eftir 12 ára frest getur eigi talizt vanþörf, að Alþingi láti ríkisstjórn vita, að vilji þess í málinu er óbreyttur og framkvæmdir enn brýnni en fyrr.

Með aukinni og breyttri hertækni hefur eld- og sprengihætta aukizt ört, svo að ekki þarf einu sinni styrjöld til þess, að hafnarhverfi Reykjavíkur geti tortímzt að meira eða minna leyti í einu veffangi. Því verður ekki mótmælt með rökum, að hæfilega stór og hentug öryggisgeymsla fyrir óbætanleg þjóðarverðmæti verður að vera tiltæk hvenær sem er næstu áratugi, og ýmsa hluti mundi réttast að geyma þar að staðaldri.

Vel er, að Alþingi hefur látið í ljós þann vilja sinn, að Árnasafn skuli eigi skorta húsrúm, er það kemur hingað. Verður að telja, að þá sé einkum átt við húsnæði til notkunar á handritunum, en hún hlýtur að verða í Reykjavík, bundin við Landsbókasafn og háskóla. En að notkun fráskilinni ættu dýrgripir Árnasafns að dveljast í öryggisgeymslu á einhverjum þeim bletti Íslands, sem friðhelgastur mætti teljast, þó eigi meir en einnar eða tveggja stunda akleið frá Reykjavík.